

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	6.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4500612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Ármann Sigurðsson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í PCC á Bakka. Fram komu tvö frávik frá starfsleyfi. Einni ábendingu er komið á framfæri er varðar geymslu aukaafurða á lóð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Vegna markaðaðstæðna hefur rekstraraðili ákveðið að stöðva báða ofna verksmiðjunnar frá lok júlímánaðar. Einn ofn verksmiðjunnar hefur nú þegar verið stöðvaður og byrjað að hreinsa úr honum. Ekki er ljóst hvenær uppkeyrsla á ofnum hefst að nýju en miðað við núverandi áætlun er stefnt að því eftir 6 til 12 mánuði. Rekstraraðili hefur ekki sótt um niðurfellingu starfsleyfis og á meðan það er í gildi þarf rekstraraðili að hlýta ákvæðum þess. Rætt var um ábendingu sem stofnunin kom á framfæri í síðustu eftirlitsskýrslu er lýtur að geymslu aukaafurða á lóð. Kísilryki er safnað í poka á lóð og er nú um 5000-6000 tonn á lóðinni en sambærilegt magn hefur verið flutt til Rotterdam. Samkvæmt rekstraraðila er unnið að því að koma öllu efninu í sölufarli. Stofnunin mun fylgja málinu eftir í eftirliti.

Farið var yfir viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar þar sem til stendur að stöðva framleiðslu í lok júlí. Viðbragðsáætlun var vel útfærð og var ekki tilefni til stórvægilegra athugasemda.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsókn og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávik, breytinga á starfsemi og eftirfylgni vegna ábendinga. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi PCC á Bakka í áhættuflokk B og þar með er áætlað aðeinu sinni í vettvangsferð í verksmiðjuna í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Ráðgert var að fara í óhefðbundið eftirlit síðar á árinu til að fylgja eftir breytingu á reykheinsivirki verksmiðjunnar en það verður endurmetið síðar á árinu í ljósi framleiðslustöðvunar.

Farið var yfir skráningu olíugeyma skv. reglugerð 884/2017. Skráningin er áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda í eftirliti árið 2020. Rekstraraðili hefur olíugeymi sem rekinn er af N1 á lóð hjá sér ásamt úrgangsolíutanki sem skoðaðir voru að loknum eftirlitsfundum.

Úrgangsmál. Í sl. maímánuði tilkynnti rekstraraðili að að gryfja hefði verið opnuð til bráðabirgða á svæði PCC sem neyðarúrræði við hreinsun kísilryks úr pökkunarhúsi. Bílar með sogbúnaði voru notaðir til að hreinsa ryk á gólfi reykheinsivirki verksmiðjunnar eftir stíflanir en vegna bilana á bílum var opnuð gömul gryfja á lóð PCC sem fyllt var af vatni til að blanda þurrefnum við og soga upp með sérstökum búnaði. Búið er nú að moka upp úr gryfjunni og keyrt til móttökustöðvar fyrir urðun. Eftirlitsaðili óskaði eftir nánari gögnum um að efnið hafi verið hreinsað nægilega upp áður en svæðinu væri lokað að nýju.

Farið var yfir niðurstöður mengunarmælinga en skv. mæliáætlun átti að fara fram mæling í útblæstri verksmiðjunnar eftir reykheinsivirki en rekstraraðili hafði samband við stofnunina varðandi tilhugaðrar breytingar á reykheinsivirki og samþykkti stofnunin að mælingar færu fram eftir umræddar breytingar.

Við samantekt EFLU verkfræðistofu á niðurstöðum umhverfisvöktunarinnar í byrjun febrúar kom í ljós að mæligildi PAH efna úr Botnsvatni og Reyðará í sýnum, sem tekin voru í september 2019, voru mjög háar og ótrúverðugar skv. Eflu og PCC en þær voru yfir mörkum neyslavatsreglugerðar. Niðurstaða NMI telur líklega um tilfallandi mengun að ræða sem veldur niðurstöðunni. Engin merki voru um að PAH efni væru að skila sér í síur á syðri mælistöð en þau mældust með lægra móti í júlí og september. Eins kom í ljós að bakgrunnsælingar frá 2017 sem gerðar voru á brennisteini í jarðvegi endurspegluðu ekki raunverulegt magn málna, mæligildi voru ca. 10 sinnum of lág. Þegar þetta lá ljóst fyrir var haft samand við þá aðila sem sáu um sýnatöku og mælingar, til að greina þessi sýni.

Mælingaaðilar og greiningaraðilar eru ekki sammála um hvar mælingarvillan fyrir brennistein í jarðvegi liggur. Þegar

niðurstaða liggur fyrir mun Náttúrustofa Norðausturlands uppfæra minnisblað um þessar mælingar. Niðurstaða

PCC tilkynnti stofnuninni með bréfi dags. 3.júní sl. að rekstraraðili myndi ekki ná að uppfylla ný losunarmörk fyrir ryk í útblæstri frá ofnum við hertari mörk sem tóku gildi þann 1. júlí sl. Árið 2019 var daglegt meðtal ryks 13,68 mg/Nm³ en losunarmörk í útblæstri lækkuðu í 5 mg/Nm³ úr 20 mg/Nm³ þann 1. júlí skv. starfsleyfi.

Eftir eftirlitsfund var farið í skoðunarferð um ofnhús verksmiðjunnar, útisvæði og lóð fyrir neðan lóðarmörk fyrirtækisins. Ekki var sjáanlegt kísilryk í móa fyrir neðan lóð verksmiðjunnar en ennpá var sýnilegt kísilryk í læk.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.6. í starfsleyfi	Rekstraraðili hefur tilkynnt Umhverfisstofnun um að frá 1. júlí sl., þegar hertari losunarmörk tóku gildi, að hreinsibúnaður nær ekki tilgreindum markmiðum um 5 mg/Nm ³ . Meðaltal ársins 2019 var 13,68 mg/Nm ³ og var svipuð virkni í júlímánuði.
gr. 4.3 í starfsleyfi	Mæla skal í útblæstri frá hreinsivirki innan tveggja ára frá gangsetningu. Rekstraraðili hafði tilkynnt stofnuninni um fyrirhugaðar lagfæringar og breytingar á hreinsivirki sem áttu að hefjast í maí sl. Stofnunin samþykkti að mælingar mættu fara fram eftir lagfærinar en óskar eftir tímasettri áætlun hvenær mælingar fara fram eftir endurgangsetningu verksmiðjunnar.


ÁBENDINGAR

Varast skal að geyma efni í sekkjum of lengi utandyra þar sem það getur valdið vandkvæðum á flutningi efnisins og burðargetu sekkjanna, og þar með hættu á mengun. Geymsla aukaafurða skv. gr. 3.3 skal ekki vera til langframa og skal mest nema 22.000 tonnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.11.2020



Einar Halldórsson

